

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/23/EB

2004/EES/9/03

frá 26. febrúar 2002

um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE varðandi hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/57/EB⁽²⁾, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2001/57/EB, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/5/EB⁽⁵⁾, einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/103/EB⁽⁷⁾, einkum f-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hin nýju, virku efni flúpýrsúlfúron-metýl, pímetrósín, asoxýstróbín og kresoxím-metýl (virku efnin sem um er að ræða) voru tekin inn í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE með tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2001/49/EB⁽⁸⁾, 2001/87/EB⁽⁹⁾, 98/47/EB⁽¹⁰⁾ og 1999/1/EB⁽¹¹⁾ til að nota ýmist sem illgresiseyði á korn, skordýraeitur á korn, ávexti, grænmeti, belgjurtir, olíufræ og humla, sem sveppaeyði án þess að notkun sé sérstaklega tiltekin og sem sveppaeyði á korn, kjarnaávexti og vínvið.
- 2) Upptaka þessara virku efna í I. viðauka grundvallaðist á mati á upplýsingunum sem lagðar voru fram varðandi fyrirhugaða notkun. Nokkur aðildarríki hafa lagt fram upplýsingar um þessa notkun í

samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Fyrirliggjandi upplýsingar hafa verið endurskoðaðar og þær nægja til þess að ákvarða megi leyfilegt hámarks magn leifa í vissum tilvikum.

- 3) Séu engin ákvæði eða bráðabirgðaákvæði til um leyfilegt hámarks magn leifa í vettvangi bandalagsins skulu aðildarríkin setja innlend bráðabirgðaákvæði um leyfilegt hámarks magn leifa í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE áður en plöntuvarnarefni sem innihalda þessi virku efni eru heimilud.
- 4) Með því að taka þessi virku efni inn í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE var viðkomandi tækni- og vísindalegu mati lokið með endurmatsskýrslum framkvæmdastjórnarinnar. Lokið var við skýrslurnar 16. október 1998, 27. apríl 2001, 22. apríl 1998, og 27. júlí 2001 að því er varðar kresoxím-metýl, flúpýrsúlfúron-metýl, asoxýstróbín og pímetrósín í þessari röð. Í skýrslunum var viðtekinn dagskammtur fyrir kresoxím-metýl ákvarðaður 0,4 mg/kg líkamsþyngdar á dag, fyrir flúpýrsúlfúron-metýl 0,035 mg/kg líkamsþyngdar á dag, fyrir asoxýstróbín 0,1 mg/kg líkamsþyngdar á dag og fyrir pímetrósín 0,03 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Ævilöng váhrif á neytendur matvæla, sem eru meðhöndluð með þessum virku efnum, hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem farið er eftir innan Evrópubandalagsins, að teknu tilliti til viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin⁽¹²⁾ hefur gefið út og til álits vísindanefndarinnar um plöntur⁽¹³⁾ um þá aðferðafræði sem beitt er, og reiknað hefur verið út að hámarks magn leifa, sem lagt er til í samræmi við það, gefi ekki til efni til þess að farið sé yfir þennan viðtekna dagskammt.
- 5) Við matið og þá umfjöllun, sem fór fram áður en flúpýrsúlfúron-metýl, asoxýstróbín og kresoxím-metýl var tekið inn í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, varð ekki vart neinna bráðra eiturhrifa sem kölluðu á að fastsettur yrði viðmiðunarskammtur fyrir bráða eitrun. Viðmiðunarskammtur fyrir bráða eitrun vegna pímetrósíns var ákveðinn 0,1 mg/kg líkamsþyngdar á dag. Samkvæmt matinu á váhrifum leiðir það leyfilega hámarks magn leifa, sem lagt er til, ekki til óásættanlegra, bráðra váhrifa á neytendur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 139/2002 frá 8. nóvember 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 4, 23.1.2003, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 208, 1.8.2001, bls. 36.

⁽³⁾ Stjútíð. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 34, 5.2.2002, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB L 304, 21.11.2001, bls. 14.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB L 176, 29.6.2001, bls. 61.

⁽⁹⁾ Stjútíð. EB L 276, 19.10.2001, bls. 17.

⁽¹⁰⁾ Stjútíð. EB L 191, 7.7.1998, bls. 50.

⁽¹¹⁾ Stjútíð. EB L 21, 28.1.1999, bls. 21.

⁽¹²⁾ Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfis-eftirlitsins (GEMS/Food Programme), í samráði við Codex-nefndina um varnarefnaleifar, gefnar út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

⁽¹³⁾ Álit vísindanefndarinnar um plöntur varðandi spurningar um að breyta viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE (Álit vísindanefndarinnar um plöntur, gefið 14. júlí 1998) (http://europa.eu.int/comm/dg24/health/sc/scp/out21_en.html).

- 6) Til að tryggja að neytendur séu nægilega verndaðir gegn váhrifum af völdum leifa í eða á matvælum, sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir, skal í varúðarskyni ákvarða leyfilegt hámarks magn leifa til bráðabirgða, sem miðast við neðri greiningarmörk fyrir allar slíkar vörur sem ákvæði tilskipana 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE gilda um. Setning slíkra bráðabirgðagilda fyrir leyfilegt hámarks magn leifa á vettvangi bandalagsins kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin ákvarði bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa fyrir flúþýrsúlfúron-metýl, pímetrósín, asoxýstróbín og kresoxím-metýl í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE og VI. viðauka við þá tilskipun. Talið er að fjögur ár nægi til þess að ákvarða flest önnur frekari not virku efnanna sem um er að ræða. Eftir það verða bráðabirgðagildin fyrir leyfilegt hámarks magn leifa endanleg.
- 7) Bandalagið sendi drögin að tilskipun framkvæmdastjórnarinnar til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og var tilskipunin fullgerð að teknu tilliti til athugasemda sem höfðu borist. Framkvæmdastjórnin getur kannað, á grundvelli fullnægjandi gagna, sem hafa verið lögð fram, hvort unnt sé að fastsetja leyfilegt hámarks magn leifa tiltekinnna samsetninga varnarefna eða uppskeru frá þriðju löndum.
- 8) Tekið hefur verið tillit til álits vísindanefndarinnar um plöntur, einkum ráðlegginga og tilmæla um vernd þeirra sem neyta matvæla sem hafa verið meðhöndluð með varnarefnum.

- 9) Þessi tilskipun er í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi leyfilegt hámarks magn varnarefnaleifa bætist við í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarksviðmiðunargildi (mg/kg)
Flúþýrsúlfúron-metýl	0,02 (*) ^(b) kornvörur
Pímetrósín	0,02 (*) ^(b) kornvörur

(*) Sýnir neðri greiningarmörk.

^(b) Segir til um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa. Fyrir þær landbúnaðarafurðir, sem taldar eru upp í II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE, þar sem leyfilegt hámarks magn leifa fyrir flúþýrsúlfúron-metýl og pímetrósín er gefið til kynna sem „^(b)“, skal líta svo á að gildin séu til bráðabirgða í samræmi við ákvæði f-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

Hinn 1. desember 2005 skal leyfilegt hámarks magn leifa til bráðabirgða fyrir flúþýrsúlfúron-metýl og pímetrósín ekki lengur vera til bráðabirgða en verða endanlegt í samræmi við ákvæði 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 86/362/EBE.

2. gr.

Eftirfarandi varnarefnaleifar bætist við í B-hluta II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarksviðmiðunargildi (mg/kg)		
	Í kjöti, þ.m.t. fitu, unnum kjötvörum, innmat og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602,	Fyrir mjólk og mjólkurvörur sem skráðar eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00 og 0406	Í skurnlausum, nýjum eggjum, fuglseggjum og eggjarauðum sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408
Pímetrósín	0,01 (*) ^(b)	0,01 (*) ^(b)	0,01 (*) ^(b)

(*) Sýnir neðri greiningarmörk.

^(b) Segir til um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa. Fyrir þær landbúnaðarafurðir, sem taldar eru upp í II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE þar sem leyfilegt hámarks magn leifa fyrir pímetrósín er gefið til kynna sem „^(b)“, skal líta svo á að gildin séu til bráðabirgða í samræmi við ákvæði f-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE..

Hinn 1. desember 2005 skal leyfilegt hámarks magn leifa til bráðabirgða fyrir pímetrósín ekki lengur vera til bráðabirgða en verða endanlegt í samræmi við ákvæði 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 86/363/EBE.

3. gr.

Hámarks magn varnarefnaleifa fyrir flúþýrsúlfúron-metýl og pímetrósín í viðaukanum við þessa tilskipun bætist við II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE. Hámarks magn varnarefnaleifa fyrir asoxýstróbín í viðaukanum við þessa tilskipun komi í stað þess sem er tilgreint í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE.

4. gr.

Breyta skal hámarks magni varnarefnaleifa fyrir kresoxím-metýl í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE í 0,2 mg/kg ^(b) fyrir jarðarber. ^(b) segir til um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa.

Þegar um er að ræða kresoxím-metýl skal leyfilegt hámarks magn leifa til bráðabirgða verða endanlegt 19. október 2004.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. ágúst 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. september 2002.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)		
	Flúþýrsúlfúron-metýl	Asoxýstróbín	Pýmetrósín
1. Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frystingu án viðbættis sykurs; hnetur	0,02 ^(b) (*)		
i) SÍTRUSÁVEXTIR		1 ^(b)	0,3 ^(b)
Greipaldin			
Sítrónur			
Súraldin (límónur)			
Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar)			
Appelsínur			
Pómelónur			
Annað			
ii) TRJÁHNETUR (í skurn eða án hennar)		0,1 ^(b) (*)	0,02 ^(b) (*)
Möndlur			
Parahnetur			
Kasúhnetur			
Kastaníuhnetur			
Kókoshnetur			
Heslihnetur			
Goðahnetur (makadamíahnetur)			
Pekanhnetur			
Furuhnetur			
Pistasíuhnetur			
Valhnetur			
Annað			
iii) KJARNAÁVEXTIR		0,05 ^(b) (*)	0,02 ^(b) (*)
Epli			
Perur			
Kveði			
Annað			
iv) STEINALDIN		0,05 ^(b) (*)	
Apríkósur			0,05 ^(b)
Kirsiber			
Ferskjur (þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar)			0,05 ^(b)
Plómur			
Annað			0,02 ^(b) (*)
v) BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN			0,02 ^(b) (*)
a) Vínber og þrúgur		2	
Vínber			
Þrúgur			
b) Jarðarber (önnur en villt)		2 ^(b)	
c) Klungurber (önnur en villt)		0,05 ^(b) (*)	
Brómber			
Daggarber (elgsber)			
Logaber			
Hindber			
Annað			

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)		
	Flúþýrsúlfúron-metyl	Asoxýstróbín	Pýmetrósín
d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt) Aðalbláber Trönuber Rífsber (rauð og hvít) og sólber Garðaber Annað		0,05 ^(b) (*)	
e) Villt ber og aldin		0,05 ^(b) (*)	
vi) ÝMISS KONAR ALDIN Lárperur Bananar Döðlur Fíkjur Kíví Dvergappelsínur Litkaber Mangó Ólífur Píslaraldin Ananas Granatepli Annað		2	0,02 ^(b) (*)
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað	0,02 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)	
i) RÓTARÁVEXTIR OG HNÝÐI Rauðrófur Gulrætur Hnúðsilla Píparrót Ætífífill Nípur Steinseljurót Hreðkur Hafursrót Sætuhnúðar Gulrófur Næpur Kínakartöflur Annað		0,2 ^(b) 0,2 ^(b) 0,2 ^(b) 0,2 ^(b) 0,2 ^(b) 0,2 ^(b) 0,2 ^(b) 0,05 ^(b) (*)	0,02 ^(b) (*)
ii) LAUKAR Hvítlaukur Laukur Skalottlaukur Vorlaukur Annað		0,05 ^(b) (*)	0,02 ^(b) (*)
iii) ALDINGRÆNMETI a) Náttskuggaætt Tómatar Paprikur Eggaldin Annað		2 ^(b) 2 ^(b) 2 ^(b) 0,05 ^(b) (*)	0,5 ^(b) 1 ^(b) 0,5 ^(b) 0,02 ^(b) (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)		
	Flúþýrsúlfúron-metyl	Asoxýstróbín	Pýmetrósín
b) Graskersætt — með ætu hýði Gúrkur Smágúrkur Dvergbítar Annað		1 ^(b)	0,5 ^(b)
c) Graskersætt — með óætu hýði Melónur Grasker Vatnsmelónur Annað		0,5 ^(b)	0,2 ^(b)
d) Sykurmaís		0,05 ^(b) (*)	0,02 ^(b) (*)
iv) KÁL		0,05 ^(b) (*)	
a) Blómstrandi kál Spergilkál Blómkál Annað			0,02 ^(b) (*)
b) Kálhöfuð Rósakál Höfuðkál Annað			0,05 ^(b) 0,02 ^(b) (*)
c) Blaðkál Kínakál Grænkál Annað			0,02 ^(b) (*)
d) Hnúðkál			0,02 ^(b) (*)
v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR			
a) Salat og áþekkt grænmeti Karsi Lambasalat Salat Vetrarsalat Annað		3 ^(b)	1 ^(b)
b) Spínat og áþekkt grænmeti Spínat Strandblaðka Annað		0,05 ^(b) (*)	0,02 ^(b) (*)
c) Brunnerla		0,05 ^(b) (*)	0,02 ^(b) (*)
d) Jólasalat		0,2 ^(b)	0,02 ^(b) (*)
e) Kryddjurtir Kerfill Graslaukur Steinselja Blaðsellerí Annað		0,05 ^(b) (*)	1 ^(b)
vi) BELGÁVEXTIR (ferskir) Baunir (með fræbelg) Baunir (án fræbelgs) Ertur (með fræbelg)			0,02 ^(b) (*) 1 ^(b) 0,5 ^(b)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem leyfilegt hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleifar og leyfilegt hámarks magn leifa (mg/kg)		
	Flúþýrsúlfúron-metýl	Asoxýstróbín	Pýmetrósín
Ertur (án fræbelgs)		0,2 ^(b)	
Annað		0,05 ^(b) (*)	
vii) STÖNGULGRÆNMETI (ferskt)			0,02 ^(b) (*)
Spergill			
Salatþistill			
Sellerí		5 ^(b)	
Fennika			
Ætíþistill		1 ^(b)	
Blaðlaukur		0,1 ^(b)	
Rabarbari			
Annað		0,05 ^(b) (*)	
viii) SVEPPIR		0,05 ^(b) (*)	0,02 ^(b) (*)
a) Ræktaðir ætisveppir			
b) Villtir ætisveppir			
3. Belgávextir	0,02 ^(b) (*)	0,1 ^(b)	0,02 ^(b) (*)
Baunir			
Linsubaunir			
Ertur			
Annað			
4. Olíufræ	0,05 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)	
Hörfræ			
Jarðhnetur			
Valmúufræ			
Sesamfræ			
Sólblómafræ			
Repjufræ			
Sojabaunir			
Mustarðskorn			
Baðmullarfræ			0,05 ^(b)
Annað			0,02 ^(b) (*)
5. Kartöflur	0,02 ^(b) (*)	0,05 ^(b) (*)	0,02 ^(b) (*)
Sumarkartöflur			
Kartöflur af haustuppskeru			
6. Te (þurrkuð lauf og stíkar, einnig gerjuð, <i>Camellia sinensis</i>)	0,05 ^(b) (*)	0,1 ^(b) (*)	0,1 ^(b) (*)
7. Humlar (þurrkaðir), þ.m.t. humlaköggjar og óþykkt duft	0,05 ^(b) (*)	20 ^(b)	5 ^(b)

(*) Segir til um bráðabirgðagildi fyrir leyfilegt hámarks magn leifa. Fyrir þær landbúnaðarafurðir, sem taldar eru upp í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE þar sem leyfilegt hámarks magn leifa fyrir flúþýrsúlfúron-metýl, pýmetrósín og asoxýstróbín er gefið til kynna sem „(b)“, skal líta svo á að gildin séu til bráðabirgða í samræmi við ákvæði f-liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.

Hinn 1. desember 2005 skal leyfilegt hámarks magn leifa til bráðabirgða fyrir flúþýrsúlfúron-metýl og pýmetrósín ekki lengur vera til bráðabirgða en verða endanlegt í skilningi 3. gr. tilskipunar 90/642/EBE. Þegar um er að ræða asoxýstróbín skal miða við 1. ágúst 2003.

(*) Sýnir neðri greiningarmörk.